

Tollskrárn.	Vörutegund
9012.1000 9012.9000	til Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki
9013.1000 9013.9000	til Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum vöruliðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ótalin annars staðar í þessum kafla
9014.1000 9014.9000	til Áttavitar; önnur áhöld og tæki til siglinga
9015.1000 9033.0000	til Áhöld og tækjabúnaður til mælinga o.fl.
Úr 92. KAFLA:	
9203.0000	Pípuorgel o.þ.u.l. til notkunar í kirkjum
Úr 94. KAFLA:	
9402.1000 9402.9000	til Húsgögn til lyflækninga, skurðlækninga, tannlækninga eða dýralækninga (t.d. skurðarborð, rannsóknaborð, sjúkrarúm með vélrænum búnaði, tannlæknastólar); rakarastólar og áþekk-ir stólar sem búnir eru snúnings-, jafnt sem halla- og lyftubúnaði; hlutar til framangreindra vara

2. gr.

Auglýsing þessi, sem öðlast gildi 1. september 1990, kemur í stað auglýsingar nr. 489/1989 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Viðskiptaráðuneytið, 27. júlí 1990.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

26. júlí 1990

Nr. 315

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 559 1. desember 1989, um bann við línuveiðum á Grímseyjarsundi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 559 1. desember 1989 um bann við línuveiðum á Grímseyjarsundi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1990.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.